

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál.

1. gr.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	Kr.
Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar	1 850
(Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	1 600
Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	500
Fyrir skoðun búnaðar greiðir eigandi búnaðarins laun starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins þann tíma er skoðunin tók og annan útlagðan kostnað, þó eigi dagpeninga og ferðakostnað.	

2. gr.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
Fyrir próf til C-réttinda	8 900
Fyrir próf til B-réttinda	17 700
Fyrir endurtökupróf	5 900

3. gr.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
Fyrir útgáfu atvinnuskírteina kafara	4 100
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara	1 600

4. gr.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 12, 13. apríl 1976 um kafarastörf, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1993, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 23, 8. janúar 1992.

Samgönguráðuneytið, 21. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Rúnar Guðjónsson.